



Markaðssetning þvotta- og hreinsiefna fyrir almenning

Ný reglugerð nr. 300/2014, um þvotta- og hreinsiefni tók gildi hér á landi 17. mars 2014. Hún innleiðir reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 648/2004 og breytingar á henni. Markmið reglugerðarinnar er að koma á samræmingu í löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) um þvotta- og hreinsiefni og að vernda heilsu manna og umhverfi og lífríki í sjó og vatni.

Framleiðendur þvotta- og hreinsiefna skulu hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og fer hún með eftirlit með starfsemi. Umhverfisstofnun fer með markaðseftirlit með þvotta- og hreinsiefnum.



Merkingar

Á umbúðum þvotta- og hreinsiefna skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Þó skulu hættu- og varnaðarsetningar vegna efna sem falla undir CLP reglugerðina nr. 415/2014 vera á íslensku, ásamt viðeigandi varnaðarmerki:

- Vöruheiti
- Ábyrgðaraðili: Heimilisfang og símanúmer ábyrgðaraðila fyrir markaðssetningu vöru innan EES svæðisins.

- Gagnablað: Heimilisfang, netfang, ef til er, og símanúmer þar sem hægt er að nálgast gagnablað yfir innihaldsefni.
- Innihaldsefni: Nota skal eftirtalin þyngdarhlutföll til að tilgreina magn innihaldsefna ef styrkur þeirra er yfir 0,2% miðað við þyngd:

<5%

≥5% - <15%

≥15% - <30%

≥30%

Skylda er að telja upp efni úr eftirfarandi flokkum, án tillits til styrks, ef þau eru í vöru:

Ensím

Sóttgreinsiefni

Ljósverk bleikiefni

Ilmefni

Rotvarnarefni

Ef rotvarnarefni eru í vöru, án tillits til styrks, skal telja þau upp og nota almennt heiti samanber reglugerð um snyrtivörur.

Ef ofnæmisvaldandi ilmefni eru í vöru í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum samkvæmt nafnakerfi í tilskipun 76/768/EBE.

Nýjasta listann yfir ofnæmisvaldandi ilmefni má finna á eftirfarandi vefslóð: http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/documents/specific-chemicals/detergents/index_en.htm.

- Leiðbeiningar um notkun og sérstakar varúðarráðstafanir ef þörf krefur: Hér er ekki átt við hættu- og varnaðarsetningar vegna efna sem falla undir CLP reglugerðina.



- **Skammtastærðir:** Ráðlagt magn og/eða leiðbeiningar um skammta í ml eða gr miðað við staðalþvott* í þvottavél fyrir þrenns konar hörku vatns (mjúkt, meðalhart og hart) og eina eða tvær þvottalotur. *Neysluvatn á Íslandi er yfirleitt mjúkt (í lægsta hörkuflokki).*
- **Fjöldi skammta í pakka:** Þegar um er að ræða þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott skal tilgreina hversu marga staðalþvotta með „miðlungs óhreinum“ þvotti og, þegar um er að ræða þvottaefni fyrir viðkvæman þvott, hversu marga staðalþvotta með „lítið óhreinum“ þvotti, er hægt að þvo í þvottavél með innihaldi pakkans í meðalhörðu vatni.

Rúmtak skammtamáls skal koma fram í ml eða gr, ef mál fylgir með, og merkja við skammtinn sem hæfir fyrir staðalþvott í þvottavél fyrir mjúkt, meðalhart og hart vatn.



Upplýsingar sem framleiðendum þvotta- og hreinsiefna ber að veita eftirlitsaðilum

- Upplýsingar um niðurstöður úr prófunum til að ákvarða fullnaðarlífbrjótanleika yfirborðsvirkra efna í þvotta- eða hreinsiefni samanber III. viðauka reglugerðar EB.
- Gagnblað yfir innihaldsefni þvotta- eða hreinsiefnis samanber VII. viðauka reglugerðar EB.

**Staðalþvottur: 4,5 kg af þurrum þvotti m.v. þvottaefni fyrir mjög óhreinan þvott og 2,5 kg af þurrum þvotti m.v. þvottaefni fyrir lítið óhreinan þvott.*

Helstu takmarkanir sem gilda um þvotta- og hreinsiefni:

Eingöngu má framleiða eða flytja inn þvotta- og hreinsiefni ef fullkomið lífrænt niðurbrot yfirborðsvirkra efna þeirra er a.m.k. 60% á 28 dögum ákvarðað með tilvísunaraðferðum sem taldar eru upp í III. viðauka reglugerðar EB. Þessi krafa gildir um sérhvern eftirtalinna flokka efna:

Anjónísk
Katjónísk
Ójónísk
amfóterísk efni

Frá og með 30. júní 2013 tóku gildi takmarkanir um heildarinnihald fosfórs (fosföt, fjölfosföt og fosfónöt) í þvottavélaefni seldu almenningi. Heildarinnihald fosfórs skal vera undir 0,5 gr í ráðlögðum skammti til notkunar í hörðu vatni miðað við staðalþvott samanber VII. viðauka reglugerðar EB.

Takmarkanir á fosfór í uppvotta- vélaefnum seldum almenningi taka gildi 1. janúar 2017. Þá skal heildarinnihald fosfórs vera undir 0,3 gr miðað við staðalþvott.